

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps
vegna íbúðarbyggðar ÍB7, Álftavík og Miðengi.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. janúar 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Í breytingunni felst að landnotkun tveggja lóða að Álftavík og Miðengi er lagfærð til samræmis við eldra aðalskipulag. Lóðirnar eru skilgreindar aftur sem íbúðarbyggð ÍB7, tæpir 2 ha að stærð. Frístundabyggð F30 minnkar sem stærð lóðanna nemur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 29. janúar 2025.

Ólafur Arnason.

B-deild – Útgáfudagur: 12. febrúar 2025